

### Þingsályktun

#### um öryggi í óbyggðaferðum.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum með því að samræma og setja reglur og lög eftir því sem við á og með því að skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks.

Við undirbúning málsins verði haft samráð við samtök áhugafólks um ferðalög og slysavarnir.

*Samþykkt á Alþingi 22. febrúar 1990.*